

Snæfellsbær
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 21. október 2019

UST201909-307/A.B.

10.04.03

Efni: Lýsing að deiliskipulag fyrir Gamla kaupsstaðinn í Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsing á deiliskipulagi fyrir Gamla kaupsstaðinn í Snæfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að markmiðið tillögunnar er að skipta svæðinu sem er 15,5 ha í fjóra hluta og byggja þrjú frístundahús til viðbótar við það sem þarna er fyrir. Heimilt er að byggja frístundahús auk gestahúss, samtals að hámarki 250 m² á hverri lóð.

Leirur

Umhverfisstofnun bendir á skipulagssvæðið liggur að leirusvæði sem nefnist Búðarós. Umhverfisstofnun telur að leirurnar falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd leira sem fjallað er um í 1. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Leirur eru meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðfugla hér á landi.
<https://www.ni.is/greinar/leirur>

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um leirurnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á leirunum þurfí að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Búðahraun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdirnar sem eru fyrir utan Búðarhrauns sem er friðlýst svæði geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýstu svæði. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

Girðingar

Þar sem tillagan liggur að sjávarbakka telur stofnunin mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar fór um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkid og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjóleiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.*“

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Ásýnd og rask

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svípmóti og einkennum lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifþýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svípmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slikra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefansson
sérfræðingur